

**2004070024**  
1604; 0000; 9310

Mosfellsbær  
Þorsteinn Sigvaldason  
Þverholti 2  
270 MOSFELLSBÆR

Reykjavík, 9. ágúst 2004

### **Efni: Tengibraut milli Úlfarsfells í Reykjavík og Baugshlíðar í Mosfellsbæ. Ákvörðun um matskyldu**

Vísað er til erindis Mosfellsbæjar og Reykjavíkurborgar dags. 7. júlí 2004 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt um fyrirhugaða tengibraut milli Úlfarsfells í Reykjavík og Baugshlíðar í Mosfellsbæ samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 10 b í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirliti Kjörsarsvæðis, Umhverfis- og heilbrigðisstofu Reykjavíkur, Umhverfisstofnunar og veiðimálastjóra.

Umsagnir bárust frá Mosfellsbæ með bréfi dags. 19. júlí 2004, Reykjavíkurborg með bréfi dags. 20. júlí 2004, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 22. júlí 2004, Heilbrigðiseftirliti Kjörsarsvæðis með bréfi dags. 19. júlí 2004, Umhverfis- og heilbrigðisstofu Reykjavíkur með bréfi dags. 20. júlí 2004, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 26. júlí 2004 og veiðimálastjóra með bréfi dags. 12. júlí 2004.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfum dags. 20. og 24. júlí 2004 og tölvupósti dags. 28. júlí 2004.

### **FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA**

#### **Fyrirhuguð framkvæmd**

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhugað sé að leggja nýja 4,5 km langa tengibraut frá Úlfarsfelli í Reykjavík að Baugshlíð í Mosfellsbæ. Ráðgert er að tengibrautin verði ein akrein í hvora átt um 7,5 m breið með bundnu slitlagi. Fyrirhuguð tengibraut liggur frá fyrirhugaðri íbúðarbyggð við Úlfarsfell og tengist Vesturlandsvegi til bráðabirgða með hringtorgi. Vestan Vesturlandsvegur sveigir tengibrautin til norðurs og er að mestu samsíða Vesturlandsvegi að Baugshlíð. Gert er ráð fyrir að síðar muni vegurinn

tengjast Hallsvegi með ljósastýrðum gatnamótum þegar Hallsvegur muni tengjast Vesturlandsvegi með mislægum gatnamótum. Áætlað er að hefja framkvæmdir vorið 2005 en óvíst er hvenær þeim lýkur.

Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að fjarlægja þurfi um 140.000 m<sup>3</sup> af efni. Þar af eru um 20.000 m<sup>3</sup> af klöpp úr skeringum sem muni verða nýtt í fyllingar undir götuna. Um 120.000 m<sup>3</sup> af burðarlausu efni verður nýtt í jarðvegs- og hljóðmanir meðfram Korpúlfsstaðagolfvelli og fyrirhugaðri íbúðarbyggð í Blikastaðalandi. Einnig verða laus jarðefni og gróður mold nýtt til uppbygginnar golfvallar á Blikastaðanesi. Gert er ráð fyrir að um 130.000 m<sup>3</sup> af fyllingarefni þurfi til framkvæmdanna sem gert er ráð fyrir að verði tekið úr námum í rekstri.

Fram kemur að allt ofanvatn frá tengibrautinni sunnan Korpúlfsstaðavegar verði leitt um settjarnir áður en því verði veitt í Úlfarsá. Gert er ráð fyrir hljóðmönnum til að halda hljóðstigi neðan viðmiðunarmarkna, 55 dB(A), reglugerðar um hávaða en í nokkrum tilfellum þarf engu að síður að grípa til sértækra aðgerða við deiliskipulag fyrirhugaðrar íbúðarbyggðar til að halda hljóðstigi neðan við 55 dB(A). Fram kemur að ekki hafi verið reiknað með skermandi áhrifum bygginga á miðsvæðum.

## **ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGD FRAMKVÆMDARAÐILA**

**Almennt.** Mosfellsbær, Reykjavíkurborg, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis, Umhverfisstofnun og veiðimálastjóri telja að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Umhverfis- og heilbrigðisstofna Reykjavíkur telur sig ekki getað tekið afstöðu til matsskyldu framkvæmdarinnar.

### **Fornleifar**

Í umsögn Fornleifaverndar ríkisins kemur fram að fyrir liggja upplýsingar um fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði tengibrautarinnar og því sé hægt að taka afstöðu til nauðsynlegra mótvægisáðgerða. Fornleifavernd ríkisins tekur undir álit Minjasafns Reykjavíkur um mótvægisáðgerðir vegna fornleifa í landi Reykjavíkur. Stofnunin vill þó benda framkvæmdaraðila á að í stað framkvæmdareftirlits, þar sem eru skráðar fornleifar án þess að þær sjáist á yfirborði, kunni að vera hentugra að láta grafa könnunarskurði áður en framkvæmdin hefst til að kanna hvað eftir sé af fornleifum. Ef fornleifar komi í ljós eftir að framkvæmdir hefjast kunni það að valda töfum og kostnaði ef stöðva þarf framkvæmdina á meðan á rannsókn stendur. Könnunarskurði þurfi einnig að grafa við bæjarstæði Blikastaða.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að ekki sé talið nauðsynlegt að grafa könnunarskurði á því svæði þar sem minjar eru skráðar áður en framkvæmdir hefjist eins og bent sé á í umsögn Fornleifaneftdar þar sem taldar séu litlar líkur á að þar finnst minjar að mati Minjasafns Reykjavíkur. Því verði aðilar frá Minjasafni Reykjavíkur kallaðir til þegar framkvæmdir hefjast við umrædd svæði.

### **Hljóðvist**

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að tryggja verði að hljóðstig verði innan viðmiðunarmarkna reglugerðar nr. 933/1999 um hávaða. Jafnframt bendir stofnunin á að í samræmi við ákvæði reglugerðar um hávaða hafi Umhverfisstofnun þá viðmiðun að í

nýskipulögðum íbúðarhverfum skuli allt gert til að hljóðstig frá umferð fari ekki yfir 45 dB sem er leiðbeiningargildi reglugerðarinnar. Sama viðmiðun gildi um útivistarsvæði í þéttbýli. Stofnunin bendir á að framkvæmdaraðili miðar ekki við þetta gildi í umfjöllun sinni. Samkvæmt útreikningum á hljóðstigi verði hljóðstig á útivistarsvæðum eða íbúðarbyggð næst vegi yfir viðmiðunargildi reglugerðar um hávaða nema að gripið verði til hljóðvarna. Umhverfisstofnun leggi áherslu á að íbúum verði kynnt áhrif fyrirhugaðra framkvæmda, þ.m.t. sjónræn áhrif hljóðvarna og nánari útfærsla verði í samráði við þá.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að farið verði eftir gildandi viðmiðunarreglum reglugerðar um hávaða og að við gerð hljóðmana verði haft samráð við þá aðila sem þegar séu fluttir á svæðið.

### **Loftgæði**

Í umsögn Umhverfis- og heilbrigðisstofu Reykjavíkur kemur fram að ekki sé hægt að skoða áhrif umferðar og mannlegra athafna á loftgæði eingöngu út frá tengibrautinni heldur verði ávallt að taka tillit til sammögnunaráhrifa frá Vesturlandsvegi og Hallsvegi þegar hann verði fullbúinn og reyndar svæðinu öllu sem er að verða þéttbýli. Einnig kunni að vera ástæða til að athuga betur veðurfarið á þessum slóðum sem gæti verið talsvert öðruvísi en vestar í Reykjavík þar sem mælistöðvar séu, en veðurfar hafi afgerandi áhrif á loftgæði og því sé hæpið að fullyrða út frá líkanagerðum og mælingum sem eigi sér stað undir öðrum kringumstæðum.

Í svörum framkvæmdaraðila er tekið undir það sjónarmið að hæpið sé að fullyrða um loftgæði úr frá líkanagerðum og mælingum inni í borginni. Staðbundnar mælingar á veðurfari liggja ekki fyrir og engin rökstudd ástæða sé til að ætla að veður sé sérstaklega óhagstætt á þessum slóðum með tilliti til dreifingar mengunar. Áréttað er það sem segir í skýrslunni að engin ástæða sé til að ætla annað en að loftmengun frá tengibrautinni verði langt innan viðmiðunarmarka og því ekki ástæða til að skoða það frekar. Innan Reykjavíkur liggja tengibrautin einnig að litlu leyti að íbúðarbyggð.

### **Úlfarsá**

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að fyrirhuguð tengibraut verði aðeins í 50 m fjarlægð frá Úlfarsá þar sem hún liggja næst ánni, en framkvæmdasvæðið sjálft sé skilgreint sem 20-30 m belti. Með fyrirhuguðum vegafamkvæmdum, bæði fyrirhugaðri tengibraut og öðrum vegum á svæðinu og aukinni byggð sé sífellt þrengt að ánni. Telja verði að sammögnunaráhrif þessara framkvæmda geti haft veruleg áhrif á lífríki árinna ef ekki sé varlega farið. Jafnframt hafi svæðið meira gildi sem útivistarsvæði ef þess sé gætt að halda mannvirkjagerð í lágmarki á fremur breiðu svæði meðfram ánni. Að mati Umhverfisstofnunar ætti að gera ráð fyrir að við ána sé að a.m.k. 100 m breitt svæði beggja megin ár þar sem ekki sé gert ráð fyrir annarri mannvirkjagerð en þeirri sem tengist útivist, s.s. stígagerð. Umhverfisstofnun bendir jafnframt á að samkvæmt Staðardagskrá 21 fyrir Reykjavík, sem samþykkt var í borgarráði þann 6. febrúar 2001, er það stefna Reykjavíkurborgar að vinna að stofnun fólkvangs og friðlýsingu á 100-250 m svæði umhverfis Úlfarsá, Leirvogsa og vatnasvæði Elliðavatns í samstarfi við nærliggjandi sveitarfélög.

Í umsögn Umhverfis- og heilbrigðisstofu Reykjavíkur kemur fram að í greinargerð starfshóps á vegum borgarráðs um stefnu í umhverfismálum, fylgiskjal 4 með skýrslunni, kemur fram að helgunarsvæði við Úlfarsá í landi Reykjavíkur verði 100 - 250 m. Þrátt fyrir ábendingar í

fyrirnefndu fylgiskjali sé gert ráð fyrir að lagning tengibrautarinnar verði innan helgunarsvæðisins. Eins og fram komi í skýrslunni muni tengibrautin liggja í um 50 m fjarlægð frá Úlfarsá þar sem hún verði næst henni. Á þeim stað sé einnig gert ráð fyrir gatnamótum tengibrautarinnar og Hallsvegur þegar hann verði tengdur Vesturlandsvegi. Umhverfis- og heilbrigðisstofa óskar því eftir við Skipulagsstofnun að hún beini því til framkvæmdaraðila að betur verði gerð grein fyrir því hvernig helgunarsvæðið umhverfis ána verði virt þegar lega tengibrautarinnar er ákveðin.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að vegir hafa verið lagðir yfir Úlfarsá og meðfram ánni, enda ekki hjá því komist. Fjarlægðin 50 m hafi verið höfð að leiðarljósi þegar gatnamótin við Víkurveg voru byggð og sama fjarlægð hafi verið höfð til hliðsjónar varðandi tengibrautina. Tekið hafi verið mið af ákvæði skipulagsreglugerðar, þar sem kveðið sé á um lágmarksfjarlægð bygginga, 50 m frá sjó, ám og vötnum utan þéttbýlis. Þegar aðalskipulagi hafi verið breytt vorið 2004 og reitur fyrir stórverslanir afmarkaður á miðsvæði við Vesturlandsveg, hafi verið tekin stefnumarkandi ákvörðun af hálfu borgaryfirvalda um að tengibrautin lægi þar sem hún er sýnd á aðalskipulagi í umræddri fjarlægð frá Úlfarsá. Því hafi ekki komið til sérstakrar skoðunar að flytja veginn fjær ánni.

### **Ofanvatn**

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að hafa verði í huga að fyrirhugaðar séu margar framkvæmdir í nágrenni Úlfarsár, bæði vegaframkvæmdir og aukin byggð og geti sammögnunaráhrif þessara framkvæmda orðið töluverð ef ekki sé gætt fyllstu varúðar og gripið til aðgerða til að koma í veg fyrir mengun árinna. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að ofanvatni verði ekki veitt óhreinsuðu í Úlfarsá og að ráðist verði í fyrirhugaðar mengunarvarnir samhliða vegaframkvæmdunum, enda mikilvægt að viðkvæmu lífríki árinna verði ekki raskað.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að gripið verði til mótvægisáðgerða bæði varðandi ofanvatn og umgengi á verktíma til verndar ánni. Jarðvegsmanir verði milli götunnar og stíga þar sem hún liggja næst ánni sunnan Hallsvegur til að draga úr áreiti frá umferðinni. Á verktíma verði verktaka sett ströng skilyrði til varnar umhverfisspjöllum s.s um meðferð olíu og spilliefna. Þar sem gatan liggja næst Úlfarsá verði tryggt að bökkum árinna verði ekki spillt og mengun frá framkvæmdasvæðinu fari ekki í ána. Framkvæmdaraðili telji að umræddar mótvægisáðgerðir séu fullnægjandi með tilliti til nálægðar við ána.

### **NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR**

Um er að ræða 4,5 km tengibraut frá Úlfarsfelli í Reykjavík að Baugshlíð í Mosfellsbæ. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10 b í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Fyrir liggur að fyrirhuguð tengibraut muni liggja um svæði sem á eftir að taka umtalsverðum breytingum gangi fyrirhuguð uppbygging eftir. Skipulagsstofnun telur að framkvæmdirnar muni hafa óveruleg áhrif á náttúrufar að því gefnu að gerðar verði nauðsynlegar ráðstafanir til að halda raski við Úlfarsá í lágmarki á framkvæmdatíma. Skipulagsstofnun tekur undir með Umhverfisstofnun og telur æskilegt að unnið verði að gerð settjarna til að hreinsa ofanvatn af

vegum, áður en það berst í Úlfarsá, samhliða lagningu vegarins. Skipulagsstofnun telur að til að áhrif framkvæmdanna á hljóðvist verði lítil sé nauðsynlegt að taka tillit til hljóðvistar við deiliskipulag fyrirhugaðra íbúðahverfa auk þess að ráðast í fyrirhugaðar mótvægisáðgerðir. Skipulagsstofnun tekur undir ábendingar um mikilvægi þess að tekið verði mið af helgunarsvæði Úlfarsár við deiliskipulagsgerð og staðsetningu mannvirkja í nágrenni árinna. Jafnframt vekur Skipulagsstofnun athygli á nauðsyn þess að skoðuð séu samlegðaráhrif fyrirhugaðra framkvæmda á svæðinu við heildarskipulag þess.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir og svör framkvæmdaraðila við þeim. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að tengibraut milli Úlfarsfells í Reykjavík og Baugshlíðar í Mosfellsbæ sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Mosfellsbæjar og Reykjavíkurborgar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 7. september 2004.

Þóroddur F. Þóroddsson

Sigurður Ásbjörnsson

Afrit.

Umhverfissráðuneytið, Mosfellsbær, Reykjavíkurborg, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis, Umhverfis- og heilbrigðisstofa Reykjavíkur, Umhverfisstofnun og veiðimálastjóri.